

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir frístundasvæðið í landi Efra Skarðs, Hvalfjarðarsveit.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir þremur svæðum. Frístundasvæði 1 með 27 lóðum allt að 1,0 ha að stærð og frístundasvæði 2 með 13 lóðum allt að 2,0 ha að stærð, auk þess að skilgreina lóð fyrir íbúðarhús.

Breytt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Kross 1. áfanga, Hvalfjarðarsveit.

Breytingin felst í að byggingarreitir fyrir sambýlishús merkt S2 verða 4 á þremur lóðum við Fögruvelli í stað þriggja byggingarreita á jafnmörgum lóðum áður. Hámarksfjöldi íbúða verður 60 í stað 58 áður.

Báðar deiliskipulagstillögurnar, sem hafa fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998, öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 16. janúar 2008.

Skúli Lýðsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2008